



Iceland Seafood Internaional hf. gengur frá endanlegum kaupum á Elbu á Spáni.

Í samræmi við tilkynningu sem Iceland Seafood International (Iceland Seafood) sendi frá sér þann 13 nóvember síðastliðin að þá er það félaginu ánægja að tilkynna að kaupin á Elba Seafood ehf eignarhaldsfélagi Elba S.L á Spáni eru nú endanlega gengin í gegn. Í framhaldi af þeim mun Iceland Seafood taka við stjórn félagsins. Sjá nánar á vef fyrirtækisins www.icelandseafood.com/investors

Nánari upplýsingar um Elba má finna á www.elba.es

Bjarni Ármannsson CEO of Iceland Seafood

“Þann 13 nóvember var skrifað undir samning um kaup á öllu hlutafé Elba á Spáni. Elba hefur sterka stöðu þegar kemur að sölu og framleiðslu á léttisöltuðum afurðum fyrir Spánar markað, félagið rekur starfstöð í Barcelona og selur um 2200 tonn af afurðum á ári. Umsamið kaupverð er €4,4m (cash free, debt free) þar sem 50% kaupverðs er greitt með reiðufé en hin 50% með nýjum hlutum í Iceland Seafood,

sem verða gefnir út og afhentir seljendum þegar endurskoðaður ársreikningur Elba S.L fyrir árið 2019 liggur fyrir. Elba styrkir stöðu okkar á S-Evrópu markaði enn frekar og gerir okkur kleyft að nýta okkar sölu og framleiðslu getu enn betur en í dag. Á sama tíma fáum við sterka framleiðendur í sölukerfi félagsins, þar sem núverandi eigendur Elba, GPG Seafood og IceMar munu eignast um 1.2% eignahlut í Iceland Seafood. Við bjóðum starfsfólk Elba velkominn í Iceland Seafood fjölskylduna”.

Meira um Iceland Seafood International – www.icelandseafood.com

Iceland Seafood boðar til fjárfestafundar miðvikudaginn 26 febrúar klukkan 08:30 á skrifstofu félagsins að Köllunarklettsvegi 2 þar sem kynntar verða niðurstöður fjórða ársfjórðungs og horfur fyrir árið 2020. Fjárfestingunni á Elba verður gerð nánari skil í fjárfestakynningunni á fundinum.

Frekari upplýsingar:

Iceland Seafood international

Bjarni Ármannsson, bjarni.armannsson@icelandseafood.com